

Því dæmist rétt vera:

Bífreiðarstjórinn, sem ók R. E. 846, þegar framan-
greint slys varð, á sök á slysinu að $\frac{2}{3}$ — tveimur þriðju
hlutum — og ber stefndum, Sjóváttryggingarfélagi Ís-
lands h/f., því að bæta stefnanda, Sigbirni Ármann,
tjón hans vegna slyssins eftir sama hlutfalli. — Í máls-
kostnað greiði stefndur stefnanda kr. 150.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1938.

Nr. 28/1938. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Sigurði Helga Ólafssyni
(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms
þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslu-
frestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms
þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,
þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og
verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að ekki kemur nægilega skýrt
fram í prófum málsins, í hvaða skyni þeir Halldór
Benediktsson og Finnbogi Rútur Kolbeinsson keyptu
áfengið af kærða né hvað af áfenginu hefir orðið.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó
þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4
vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Helgi Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. febr. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Helga Ólafssyni verkamanni, til heimilis á Njálsgötu 72 hér í bæ, fyrir bröt gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir sætt eftirtöldum refsingum:

1935 $\frac{3}{4}$ Sætt 400 kr. sekt fyrir áfengissölu.

1935 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt fyrir áfengisbruggun.

Í máli þessu hefir vitnið Finnbogi Rútur Kolbeinsson sjómaður, Nýlendugötu 19, borið það, að fimmtudagskvöldið 20. janúar s. l. um kl. 22.45 hafi það, ásamt Halldóri Benediktssyni, verið statt á steinplaninu sjávarmegin við húsið nr. 15 við Hafnarstræti og hitt þar kærðan í máli þessu og spurt hann, hvort hann hefði whisky eða romm. Því neitaði kærður, en kvaðst hafa brennivín. Bað þá vitnið kærðan um eina háflösku af brennivíni. Sagði kærður hana til reiðu og bað vitnið að koma með sér. Ganga þeir síðan bak við söluvagn, er stóð þar á planinu, og staðnæmdust þar. Tók þá kærður úr vasa sínum flatan pela með brennivíni, sem hann seldi vitninu fyrir 5 krónur, er vitnið greiddi strax með tveimur tveggja krónu peningum og einum krónupening.

Hefir þetta vitni skýrt frá því, að vitnið Halldór Benediktsson hafi staðið við hliðina á sér, þegar þeir kærður töluðust við um áfengiskaupin og þegar kærður bað vitnið að koma með sér til að taka við áfenginu. Síðan hafi

Halldór gengið í humátt á eftir þeim, en ekki verið viðstaddur, þegar afhendingin fór fram.

Í þetta skipti sagði kærður vitninu, að hann ætti nóg brennivín, og kostaði flaskan af því kr. 10.00. Fyrr þetta sama kvöld kveðst vitnið hafa hitt kærðan á planinu við Steinbryggjuna, og sagði hann því þá, að hann ætti nóg brennivín. Kveðst vitnið ekki hafa bragðað áfengi, þegar þessi atvik gerðust, og hefir það staðfest framanskráðan framburð sinn með eiði.

Vitnið Halldór Benediktsson skipstjóri, Suðurgötu 26, hefir borið, að það hafi á þeim tíma, er um ræðir í framburði vitnisins Finnboga Rúts, hitt kærðan Tryggvagötu megin í sundinu milli húsanna Hafnarstrætis 17 og 19, og var Finnbogi Rútur þá með vitninu, en þeir færðu sig síðan út á Steinplanið. Höfðu þeir, vitnið og Finnbogi Rútur, ræðzt við um, að þá vantaði áfengi, og kveðst vitnið hafa vitað það með vissu, að hann hafði þá ekki áfengi meðferðis.

Spurði þá Finnbogi Rútur kærðan, hvort hann ætti whisky eða romm, en því neitaði kærður, en sagðist hafa nóg brennivín.

Sagði þá Finnbogi Rútur: „Komdu með hálfflösku af brennivíni.“ Játaði kærður því og sagði Finnboga Rúti að koma með sér.

Gengu þeir þá frá og staðnæmdust við veitingavagn, er þar stóð á planinu. Sá þá vitnið, sem stóð á lengdar, að þeir kærður og Finnbogi réttu hvor öðrum eitthvað fremur pukurslega, en hvað það var, sá það ekki. Þegar Finnbogi Rútur kom aftur til vitnisins, sýndi hann því pela undan whisky, fullan af brennivíni, sem hann sagðist hafa keypt af kærðum fyrir 5 krónur.

Þennan framburð hefir vitnið staðfest með eiði.

Kærður kveðst hafa verið staddur á planinu við Steinbryggjuna umrætt kvöld og hafa hitt þar vitnið Finnboga Rúti, sem hafi spurt sig, hvort hann ætti whisky eða romm, en því kveðst hann hafa neitað. Voru þeir bak við veitingavagninn, er þeir voru að tala um þetta. Sá kærður vitnið Halldór Benediktsson á lengdar áður en þeir gengu á bak við vagninn. Kærður neitar að hafa selt margnefndan pela eða annað áfengi.

Þrátt fyrir neitun kærðs þykir þó með eiðfestum fram-

burðum framangreindra vitna nægilega sannað, að hann hafi selt Finnþoga Rút brennivinspelann, og hefir hann með því gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans, með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Sigurður Helgi Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 10 daga og 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1938.

Nr. 155/1937. Valdstjórnin (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Karli Gísli Gíslasyni og Þórarni Vilhjálm Eypórssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfengis og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrest-